

aður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, Eggert Waage, ber að svara áfrýjandanum, Árna sýslumanni Gíslasyni, 2 kúgildisám, eða gjalda honum andvirði þeirra með 4 kr. 66 a. Að öðru leyti á hjeradsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maímán.

Nr. 2/1884.

Árni Gíslason

gegn

Guðmundi Thorgrímsen.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 4. janúar þ. á., hefur fyrrum sýslumaður Árni Gíslason í Krisuvík áfrýjað dómi gestarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 18. okt. f. á., og er hann með honum dæmdur til þess, að greiða stefnandanum Guðmundi Thorgrímsen á Eyrarbakka sem forstjóra verzlunar J. R. B. Lefolli 187 kr. 11. a. með vöxtum 5⁰/₀ árlega frá 15. júní f. á., þar til upphæðinni er lokið. Enn fremur er og áfrýjandinn dæmdur til að greiða 5 kr. sekt til landsjóðs fyrir ósæmilegan rithátt, og hin átöldu meiðyrði dæmd dauð og marklaus.

Áfrýjandinn, fyrrum sýslumaður Árni Gíslason,

hefur hjer við rjettinn krafizt þess, að hann verði frifundinn fyrir öllum kröfum verzlunarstjóra Guðmundar Thorgrímshens í máli þessu, bæði hvað skuld, vöxtu og sektir snertir, og að Guðmundur Thorgrímshen verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undir- og yfir-rjetti með 150 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og með gagnstefnu enn fremur farið því fram, að aðaláfrýjandi verði skyldaður til að endurgjalda gagnáfrýjanda málskostnað fyrir undirrjettinum 128 kr. 41 eyri eða eptir mati rjettarins, svo og til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins.

Eptir að aðaláfrýjandinn í nokkur ár hafði haft viðskipti við verzlun hins stefnda, taldi hún honum til skuldar í byrjun júlím. 1878 187 kr. 11 a., og virðist hann eptir þann tíma ekki að hafa haft viðskipti við verzlun þessa, en undir rekstri málsins hefur hann neitað að greiða skuldina, með því að það hafi verið um samið, að verzlunin skyldi gefa beztu Reykjavíkur prisa bæði á innlendri og útlendri vöru, en það hafi hún eigi gjört, svo að hann hafi við það í minnsta lagi árin 1875, 1876 og 1877 beðið 329 kr. 22 aura halla, þegar farið sje eptir verðlagi í Reykjavík, og honum beri því ekki að greiða tjeðar 187 kr. 11 aura. Þessu til sönnunar hefur hann fram lagt staðfesta skýrslu um verðlag á hinum umræddu árum við eina verzlun í Reykjavík, sem og nokkur brjef, er hafa farið á milli málspartanna.

Eins og tekið er fram í gestarjettardómnum, þá bendir allt það, er komið er fram í máli þessu, til

Þess, að verzlun þessi hafi að eins lofað því, að við hafa almennt verðlag á vörum í Reykjavík, en ekki að gefa það hæsta verð, eða selja með lægsta verði, sem kynni að eiga stað við einhverja einstaka verzlun í Reykjavík. Það atriði, að verðlag það, er aðaláfrýjandinn hefur fengið, kunnir að reynast nokkuð lægra en einstakur verzlunarmaður í Reykjavík hefur gefið í sama mund — sem þó engan veginn er sannað að hefði verið, ef sá verzlunarmaður hefði borgað vörurnar að meira eða minna leyti í peningum, eins og átti sjer stað í viðskiptum aðaláfrýjandans og gagnáfrýjandans — getur því eigi verið nægilegt til þess, að farið sje að breyta verðlagi á vörum, er áfrýjandinn árlega 1875—77 hefur fengið reikning fyrir með þeim ummælum af hendi verzlunarinnar, að það, sem ástæða kynni að vera að bæta upp, verði einungis tekið til greina, þegar reikningurinn verði framvísaður í næstu kaup tíð á eptir, enda er ekkert komið fram, er sýni, að áfrýjandinn hafi fundið sjerstaklega að reikningunum fyrri en hann hefur tekið til andsvara í máli þessu.

Af þessum og þeim í hinum áfrýjaða dómi töldu ástæðum ber hann að staðfesta í aðalefni sakarinnar og um málskostnað, sem og ómerkingu á meiðryðum, en auk sekta þeirra, er hann hefur verið dæmdur til að lúka samkvæmt tilskip. 23. desbr 1735 gr. 2., ber honum að greiða enn fremur í sekt 5 kr. til fátækra sjóðs þess, er hlut á að máli.

Sem málskostnað hjer við rjettinn ber aðaláfrýjanda að greiða til hins stefnda 40. kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað, þó þannig, að aðaláfrýjandinn, Árni Gíslason, borgi enn fremur 5 kr. til fátækra sjóðs. — Málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjandinn til hins stefnda kaupmanns G. Thorgrímsens, með 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maímán.

Nr. 16/1884.

Valdimar Ásmundsson
gegn
Gesti Pálsyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeradi af Valdimar Ásmundssyni gegn ritstjóra Gesti Pálssyni út af ummælum, sem stóðu í 21. tölublaði Suðra bls. 82, og sem Valdimar Ásmundssyni þótti meiðandi fyrir sig. En með dómi, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur 7. febrúarmán. þ. á., var Gestur Pálsson dæmdur sýkn af kær-
um og kröfum stefnandans, og málskostnaður látinn falla niður. Orðið „eiturtungumeiðyrði“, er sækjandi hafði við haft í sókn sinni um hinn stefnda, var dæmt dautt og ómerkt.

Þessum dómi hefur Valdimar Ásmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 26. marz þ. á., og krafizt, að hinn stefndi, Gestur ritstjóri Pálsson, verði dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli í blaðinu Suðra til einfalds fangelsis eða fjársekta, að hin